



**Mál: Kalkofnsvegur 2 Beiðni um umsögn um geymslustað ökutækjaleigu**

Samgöngustofa óskar eftir umsögn, samkvæmt 2. mgr. 3. gr laga nr. 65/2015 um ökutækjaleigur, vegna umsóknar DeStefano Bíla ehf. um geymslustað ökutækja að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík. Samkvæmt umsókn er eitt ökutæki ætluð til útleigu.

**Umsögn/niðurstaða:**

Kalkofnsvegur 2 er á skilgreindu svæði M1a Miðborgarkjarni í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Í gildi er deiliskipulag fyrir Austurhöfn frá 2006 með breytingum Austurhöfn reitur 2.

Kjallari við Austurhöfn 2, sem m.a. er nýttur sem bílastæðakjallari, er hluti af sameign allra reita á lóðinni. Reykjavíkurborg hefur ekki afskipti af stýringu eða nýtingu á bílastæðakjallaranum. Leita þarf samþykkis hjá eigendum bílastæðakjallarans fyrir geymslu ökutækja.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur  
Hrönn Valdimarsdóttir